

STARFSMAT



Reykjavíkurborg -

Úrtaks- og vinnureglur vegna starfsmatsviðtala

Eftirfarandi eru reglur Starfsmatsnefndar um fjölda starfsmanna sem boða á í starfsmat úr hverju starfi.

1 stm. í starfi	=	1 í viðtal ásamt yfirmanni
2-5 stm. í starfi	=	2 í viðtal ásamt yfirmanni
6-30 stm. í starfi	=	4 í viðtal ásamt yfirmanni
31-60 stm í starfi	=	6 í viðtal ásamt yfirmanni
61 eða fleiri stm	=	10% starfsmanna, upp að 10 viðtölum

Val á starfsmönnum:

Starfsmenn sem boðaðir eru í starfsmat vegna starfs síns skulu hafa unnið að minnsta kosti í sex mánuði við starfið áður en til starfsmats kemur. Ef margir starfsmenn gegna sama starfi þá skal þess einnig gætt að úrtakið sé í réttu hlutfalli við aldur og kyn.

Starfsmaður ásamt stjórnanda:

Stjórnandi skal boðaður í starfsmatsviðtal með starfsmanni sé starfsmaður því samþykkur. Kjósi starfsmaður að stjórnandi sé ekki viðstaddur skal að taka sérstakt viðtal við stjórnanda um starf starfsmannsins.

Þegar starfsmenn eru tveir eða fleiri í starfi er nauðsynlegt að boða stjórnendur í a.m.k. eitt af viðtölunum. Það er ekki þörf á að tala sérstaklega við fleiri stjórnendur um starfið jafnvel þótt að starfsmenn vinni á mörgum vinnustöðum og hafi þar af leiðandi ekki sama stjórnenda.

Við boðun starfsmanns í starfsmatsviðtal skal ganga úr skugga um það að starfsmaður samþykki það að stjórnandi sitji viðtalið. Ellegar skal starfsmannastjóri finna annan starfsmann ásamt stjórnanda í sama starfi. Ef það gengur ekki eftir og allir starfsmenn í úrtaki koma án stjórnanda í viðtal ber að boða stjórnanda sérstaklega í viðtal vegna starfsins.

Starfsmatsviðtal:

Áður en starfsmatsviðtal hefst fara starfsmatsráðgjafar yfir hlutverk viðkomandi aðila. Starfsmatsráðgjafar stýra viðtalinu og taka niður athugasemdir þegar við á. Til dæmis ef starfsmanni og stjórnanda greinir á. Starfsmaður er fulltrúi starfsins og svarar spurningunum. Stjórnandi getur komið með athugasemdir og ábendingar en þess þarf að gæta að viðtalið er fyrst og fremst við starfsmanninn og því skal stjórnandi gæta þess að

starfsmaður fái svigrúm til að svara spurningunum starfsmatsins. Starfsmaður og stjórnandi fara báðir yfir starfsyfirlitið að viðtali loknu og undirrita það.

Starfsmenn tveir saman í viðtali:

Þar sem því verður við komið skal boða tvo starfsmenn úr sama starfi saman í viðtal að því tilskyldu að starfsmenn samþykki það. Ekki er nauðsynlegt að þessir starfsmenn séu á sama vinnustað eða hafi sama stjórnanda. Starfsmenn fara báðir yfir starfsyfirlitið að viðtali loknu.

Í þeim tilvikum þar sem stjórnandi er einnig boðaður í viðtal með tveimur starfsmönnum gilda sömu reglur og ef starfsmaðurinn væri einn í viðtali